
Textíllist

Gamlar hefðir og nýir straumar


Norrænir textíllistamenn sýna 80 verk á Kjarvalsstöðum. Engin ellimörk þrátt fyrir 11 ára sögu

Á Kjarvalsstöðum stendur um þessar mundir yfir sýning norrænna textíllistamanna. Listamennirnir sjálfir hafa haft veg og vanda af sýningum norræna textíllistahópsins allt frá upphafi en þetta er fjórða sýning hópsins.

Að sögn íslenska starfshópsins sem Ása Ólafsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Áslaug Sverrisdóttir og Anna Þóra Karlsdóttir skipa, hafa sýningarnar verið lyftistöng fyrir textíllist, eða þráðlist eins og hún er stundum nefnd, á Norðurlöndum og skipt sköpum í þróun þessarar listgreinar. Sú þróun skilar sér oft í bættri hönnun og iðju. Glögg dæmi þess má sjá í Finnlandi þar sem margt textíllistafólk vinnur að hönnun. Íslendingar hafa aftur á móti verið seinir til að nýta sér þá þekkingu og listrænu hæfileika sem textíllistamenn búa yfir.



In memorian eftir Sigurlaugu Jóhannesdóttur.



„Segl I" eftir Sirkka Könönen.

Samnorrænar textíllistasýningar eiga 11 ára sögu að baki og hafa verið haldnar þriðja hvert ár. Sýningarnar eru styrktar af Norræna Menningarmálasjóðnum og mennta- og menningarmálaráðuneytum Norðurlandanna. Sumir sýningarstaðir hafa og fellt niður leigu af húsnæði eða styrkt sýninguna með beinum fjárframlögum.

Á sýningunni eru 80 verk sem valin voru úr 520 verkum. Dómnefnd sem skipuð var einum listamanni frá hverju landi valdi verkin. Ása Ólafsdóttir fulltrúi Íslands í nefndinni sagði að dómnefndin hefði meðal annars haft það að leiðarljósi að láta gamlar hefðir og nýja strauma vera með á sýningunni og sem mesta breidd í aðferðum.

Meðal sýnenda eru margir velþekktir listamenn og aðrir ungir og upprennandi. Fulltrúar Íslands á sýningunni eru Guðrún Gunnarsdóttir, Guðrún Marinósdóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Sigurlaug Jóhannesdóttir. Þá sýnir Þórdís Sigurðardóttir umhverfisverk „Appelsínugulur morgun" sunnan við Kjarvalsstaði.

Textílsýningunni sem er farandsýning var hleypt af stokkunum í Noregi þann 8. júní. Héðan fer hún til Færeyja, Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar. **–aró**

Þrettán fög á einum degi

Blað skilur bakka og egg
Razor's Edge
Bandaríkin 1984
Leikstjóri: John Byrum
Handrit: John Byrum og Bill Murray (eftir sögu W. Somerset Maugham)
Leikarar: Bill Murray, Theresa Russell, Catherine Hicks, Denholm Elliott, James Keach o.fl.

Blað skilur bakka og egg fjallar um ungan Ameríkana, Larry, sem fer til Frakklands í heimsstyrjöldinni fyrri og gerist sjálfboðaliði Rauða krossins á vígstöðvunum. Stríðið breytir Larry og þegar hann snýr aftur finnst honum fyrirhugað hjónaband sitt og staða í fjölskyldufyrirtækinu lítt eftirsóknarverður kostur – illa farið með dýrmætt lífið sem hann var svo heppinn að fá að halda þegar margir ungir menn dóu. Hann fer því aftur til Parísar – lifir þar óbrotnu lífi verkamanns um stund og leggst síðan í ferðalög.



Catherine Hicks og Bill Murray í Blaðinu: sofnaði ég í bíó?

Myndin er byggð á bók Somersets Maugham, The Razor's Edge, sem kom út 1944. Ekki veit ég hversu merkileg sú bók er, en myndin ber öll merki þess að meira sé lagt upp úr ytri atburðum í lífi Larrys en innri þróun. Þarna er farið stórkarlalega yfir sögu: Larry pakkar inn fiski í Les Halles, síðan vinnur hann í kolanámu í Englandi, ferðast svo til Indlands og dólar við Ganges, loks liggur leiðin til lamaklaustra í Tíbet (þar sem hann lærir að lækna mígreni). Hvað hann er að hugsa á meðan veit enginn.

Áhorfandanum fer eins og treggáfuðu barni sem er gert að sitja tíma í þrettán fögum á einum degi og verður að sætta sig við að byrja sífellt í nýjum tíma án þess að hafa getað komist til botns í því sem fram fór í tímanum á undan. Skyndilega er komin kreppa og maður veltir fyrir sér hvort maður hafi sofnað í bíó og misst af þýðingarmesta atriðinu.

Með þessa atburðarás í huga, þá er það grunsamleg ákvörðun, svo ekki sé meira sagt, að láta myndina gerast á þessum tíma, á árunum milli stríða. Hún hefði allt eins getað gerst núna – enn fer margt ungt fólk, einkum amerískt, að vinna sjálfboðavinnu á vegum líknarstofnana í stríðshrjáðum löndum. Það virðist sem



ANNA THEÓDÓRA RÖGNVALDSDÓTTIR

tryggð hafi verið haldið við þetta tímabil Maughams vegna perí-ódusjarma; það er ekkert sem fleytir hugsunarlausri mynd eins vel áfram og atmosferísk leikmynd og rómantískir búningar.

En svo aftur sé komið að söguhetju Somersets Maughams, Larry, þá svipar honum um margt til þeirra Ameríkana sem kallaðir hafa verið týnda kynslóðin – þeirra sem dvöldust í Evrópu á fyrri helmingi aldarinnar í sjálfskipaðri útlegð frá heimalandi sínu. Þeir sem standa að myndinni virðast ganga út frá því að þarna sé sögulega hliðstæðu að finna við sína kynslóð, Víetnam-kynslóðina, þá sem flúðu Víetnam eða Ameríku Víetnamáranna og settust að í öðrum löndum. Tengslin þarna á milli eru alls ekki augljós og myndin hefur heldur ekkert fram að færa í þessu tilliti.

Bill Murray, sérvizkulegur gamanleikari úr Ghostbusters og fleiri gamanmyndum, leikur Larry. Það er mikið ólán fyrir Bill þenna, sem mér er annars vel við, að fyrsta alvarlega hlutverkið hans skuli vera honum svo gersamlega ofviða. Og enn meira ólán fyrir framleiðendurna að þeir skyldu hafa látið sér detta í hug að Bill gæti leikið hlutverk Larrys.

Í Bandaríkjunum hefur þessi mynd mátt þola slíkt tómlæti áhorfenda og óánægju kvikmyndagagnrýnenda, að framleiðendur ákváðu að taka hana úr dreifingu um óákveðinn tíma.